

Fundargerð aðalfundar FFR 2. júní 2015

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana, haldinn á Grand hóteli í Reykjavík þriðjudaginn 2. júní 2015 kl. 11-13.

Fundarstjóri: Halldór Jónsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Fundarritari: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, landsbókavörður

1. Setning fundar: Borghildur Erlingsdóttir, formaður FFR

Borghildur Erlingsdóttir, formaður FFR setti fund og skipaði Halldór Jónsson fundarstjóra og Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur fundarritara. Fundarstjóri gekk úr skugga um lögmæti fundarins, en hann skal boðaður með a.m.k. 14 daga fyrirvara skv. lögum félagsins. Einnig skal halda hann fyrir málok og var upphaflegur fundur boðaður 29. maí en nauðsynlegt reyndist að fresta fundi til 2. júní. Ekki voru gerðar athugasemdir við dagsetninguna.

2. Efling stofnanasamninga sem áherslumál BHM: Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

Þórunn Sveinbjarnardóttir nýlega kjörin formaður Bandalags háskólamanna tók til máls og ræddi stöðu mála á vinnumarkaði en hluti félagsmanna í BHM hefur verið í verkfalli í 9 vikur. Hún ræddi um þá aðferðafræði sem notuð er í kjarasamningum hér á landi og hvernig sé hægt að breyta henni. Einnig ræddi hún um kosti þess og galla þess að færa atriði úr stofnanasamningum í miðlæga samninga og öfugt. Einnig að stofnanasamningum fylgi fjármunir. Grundvallaratriði sé að stofnanir ríkisins fá gott og hæft starfsfólk til þess að veita þá þjónustu sem ríkið ætlar að veita.

Margrét Hauksdóttir hjá Þjóðskrá Íslands lýsti efasemdum um stofnanasamninga og taldi vanta leiðbeiningar og námskeið um gerð þeirra. Samningaferlið skapaði einnig erfitt ástand á vinnustöðum.

Gissur Pétursson hjá Vinnumálastofnun og situr í samninganefnd ríkisins fyrir hönd FFR kallaði eftir yfirvegaðri nálgun aðila vinnumarkaðarins að kjarasamningum og stofnanasamningum.

Þórunn Sveinbjarnardóttir brást við ummælum þeirra og kallaði eftir betri undirbúningi og bættum samskiptum á vinnumarkaði.

3. Skýrsla starfskjaranefndar: Kristín Völundardóttir, fulltrúi í starfskjaranefnd FFR

Liður nr. 4, skýrsla starfskjaranefndar var færður fram vegna þess að Kristín Völundardóttir þurfti að mæta á annan fund í hádeginu. Kristín flutti skýrslu starfskjaranefndar og sagði frá dómsmáli sem félagið stendur að, en Valbjörn Steingrímsson forstöðumaður Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi höfðaði mál til ógildingar á tveimur úrskurðum kjararáðs frá 2011. Kröfum félagsins var hafnað í héraðsdómi, og hæstiréttur hafnaði þeim einnig, en féllst á héraðsdómur skuli taka til efnislegrar meðferðar þrautþrautavarakröfu um að kjararáði hafi borið að afturkalla launalækkun stefnanda frá og með 1. desember 2010. Málið fer því aftur fyrir héraðsdóm. Þá sýndi Kristín einnig glæru um launaþróun forstöðumanna undanfarin ár miðað við launavísitölu, BSRB og BHM. Einnig lýsti hún þeirri þróun að forstöðumenn leituðu í auknum mæli til starfskjaranefndarinnar vegna þess að þeim finnst brotið á sér.

4. Skýrsla stjórnar um starfsemi síðasta starfsárs: Borghildur Erlingsdóttir, formaður FFR

Borghildur Erlingsdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar. Hún rakti starfsemi félagsins s.l. ár, umsagnir um frumvörp, ályktanir, samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða, fræðslufundi og annað sem félagið hefur komið að. Einnig undirbúning fyrir dómsmálið og önnur hagsmunamál félagsmanna. Hún

þakkaði stjórn og starfskjaranefnd fyrir ánægjulegt samstarf og þakkaði Magnúsi Guðmundssyni fyrrverandi formanni sérstaklega fyrir hans þátt.

Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri á Suðurnesjum kvaddi sér hljóðs og þakkaði formanni, stjórn og starfskjaranefnd fyrir þeirra starf.

5. Lagðir fram reikningar: Gissur Pétursson, gjaldkeri FFR

Gissur Pétursson lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og skýrði þá. Félagið stendur vel og voru reikningar samþykktir.

6. Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar bárust.

7. Kosning stjórnar og formanns: Magnús Guðmundsson, formaður uppstillingarnefndar

Í uppstillingarnefnd sátu Magnús Guðmundsson og Margrét Hauksdóttir. Magnús gerði grein fyrir tillögu nefndarinnar um formann, stjórn og varastjórn. Formaður: Björn Karlsson, í stjórn: Halldór Ó. Sigurðsson, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Kristín Linda Árnadóttir og Margrét Hallgrímsdóttir, í varastjórn: Borghildur Erlingsdóttir, Guðjón S. Brjánsón og Sigríður Lillý Baldursdóttir. Tillagan var samþykkt með lófataki.

8. Kosning fulltrúa í starfskjaranefnd: Magnús Guðmundsson, formaður uppstillingarnefndar

Magnús Gerði einnig grein fyrir tillögu uppstillingarnefndar um fulltrúa í starfskjaranefnd: Tryggvi Axelsson, Ársæll Guðmundsson og Indriði H. Þorláksson. Tillagan var samþykkt með lófataki.

9. Kosning tveggja endurskoðenda og jafn margra til vara

Gissur Pétursson gerði grein fyrir tillögu um endurskoðendur: Gestur Steinþórsson og Ásta Sigrún Helgadóttir, til vara: Gissur Pétursson og Eyjólfur Sæmundsson. Tillagan var samþykkt með lófataki.

10. Ákvörðun árgjalds fyrir næsta starfsár

Gissur Pétursson lagði fram tillögu um óbreytt árgjald þrátt fyrir að félagsmönnum hafi fækkað um fimmtán. Í morgun höfðu 155 greitt árgjaldið. Tillagan var samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál

a. Björn Karlsson nýkjörinn formaður sagði deili á sjálfum sér, en hann hefur áður setið í stjórn félagsins. Hann þakkaði fyrri stjórn og starfskjaranefnd og sagðist hlakka til starfsins og samvinnu við félagsmenn.

b. Magnús Guðmundsson formaður uppstillingarnefndar þakkaði þeim sem voru að hætta störfum fyrir félagið fyrir samstarfið, þeim Steingrími Ara Arasyni, Kristínu Völundardóttur og Gissuri Péturssyni. Hann nefndi einnig að þar sem BHM haldi utan um ýmsa sjóði og réttindi félagsmanna FFR, hvort ástæða væri til að efla það samstarf.

c. Borghildur Erlingsdóttir fráfarandi formaður þakkaði fyrir samstarfið á s.l. ári. Hún tók undir að samstarf við BHM væri af hinu góða og hugsanlega þurfi að efla bakland félagsins og ráða auka starfskraft.

Fundarstjóri óskaði nýrri stjórn velfarnaðar og sleit fundi.